

Viðtakaandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið, skrifstofa sviðsstjóra.**Útboð nr. 16102 - Hugbúnaðarlausn fyrir umhverfisstjórnun**

Framangreint útboð var auglýst á EES og innanlands þann 28. febrúar 2025 en tilboð vegna þess voru opnuð þann 31. mars 2025. Fjórir aðilar sendu inn samtals fimm tilboð:

1. Advania
2. Origo ehf
3. KPMG ehf
4. Klappir Grænar Lausnir hf.

Útboðslýsingin var birt þann 28. febrúar 2025 í kjölfar birtingu auglýsingar. Einn viðauki var sendur út á tilboðstíma, þann 21. mars, sem innhélt spurningar frá bjóðendum og svör kaupanda við þeim.

Gæðamat fór fram á tímabilinu 2. - 7. apríl 2025

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafla 0.8 í útboðslýsingu:

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða samkvæmt tilboðsbók.

Verð gildir 30% en gæðamat 70%, sjá nánar stig fyrir gæðamat í tilboðsbók.

Notendaprófanir eru hluti af gæðamati en kaupandi áskilur sér rétt til að framkvæma ekki mat á notendavænleika boðinna kerfa ef stigagjöf fyrir notendavænleika kemur ekki til með að breyta röð bjóðenda vegna stigagjafar í öðrum matsþáttum.

Í samræmi við framangreint ákvæði var ákveðið að framkvæma ekki mat á notendavænleika því stigagjöf vegna þeirra hefði ekki breytt röðun bjóðenda.

Eftirfarandi er samantekt á stigagjöf fyrir öll gild tilboð sem bárust:

Bjóðandi	Fjárhæð	Hlutfall af kostnaðaráætlun	Verðstig	Gæðastig	Samtals stigagjöf
Advania - Tilboð 1	196.965.000	355%	7,84	49,40	57,24
Advania - Tilboð 2	356.685.000	643%	4,33	49,40	53,73
KPMG ehf	73.453.600	132%	21,03	53,30	74,33
Klappir Grænar Lausnir hf	51.482.000	93%	30,00	58,50	88,50
Kostnaðaráætlun	55.500.024				

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar hefur yfirfarið tilboðið sem barst frá Klappir Grænar Lausnir hf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að Klappir Grænar Lausnir hf. uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur einnig yfirfarið tilboðið frá Klappir Grænar Lausnir hf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur til að gengið verði að tilboði Klappir Grænar Lausnir hf. að fjárhæð 51.482.000 kr. án vsk., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs og gæða. Samningstíminn er sex ár.

Virðingarfyllst

Þórhildur Ósk Halldórsdóttir
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Skrifstofa sviðsstjóra

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*